

Simsonsgarður


Gamla gróðrarstöðin



Simsonsgarður var sumarbústaðarlóð hjónanna Martinusar og Gerdu Simson. Simson var fæddur á Jótlandi árið 1886, en kom hingað til lands árið 1913 til að sýna sirkusatriði eins og hugsanalestur,

tannaflraunir og sjónhverfingar. Hann ferðaðist um landið, settist síðan að á Ísafirði og lærði ljósmyndun. Árið 1926 fékk Simson lóð í Tungudal, byggði þar sumarhús og hóf garðrækt. Staðinn kallaði hann Kornustaði og skipulagði eftir þeirra tíma hugmyndafræði, bæði undir áhrifum frá evrópskum görðum og íslenskri byggingarhefð. Simson gerði Kornustaði að annáluðum unaðsreit með stytum, gosbrunnum, gullfiskum, manngerðum helli, sundlaug og margvíslegum gróðri. Svo rómaður var garðurinn að í heimsókn Friðriks krónprins Íslands og Danmerkur árið 1938 til Ísafjarðar var honum haldin garðveisla á Kornustöðum. Simson arfleiddi Skógræktarfélag Ísafjarðar að garðinum eftir sinn dag. Hann lést árið 1974.

Árið 1994 féll snjóflóð í Tungudal sem olli miklum skemmdum. Öll tré í garðinum brotnuðu, nema tvö grenitré sem bera fyrri tíma vitni. Strax var hafist handa við endurgerð garðsins og með tímanum mun hann væntanlega ná aftur fyrri glæsileika.



Simson var með mikið plöntuuppeldi neðan vegarins fyrir skógræktarfélagið og er það svæði kallað Gamla gróðrarstöðin. Skógurinn þar fór afar illa í snjóflóðinu árið 1994 en þó tókst að bjarga mörgum trjáum.

Skógræktarfélag Ísafjarðar



Skógræktarfélag Ísafjarðar er fjölmennur félagsskapur áhugafólks um skóg- og trjárækt á Ísafirði. Félagið var stofnað á nýjárðsdag árið 1945 af áhugafólki um verndun skógarleifa og ræktun nýrra skóga og hefur unnið að því óslitið síðan.

Opinn skógur

Opinn skógur er samstarfsverkefni skógræktarféлага og fyrirtækjanna Olís og Alcan á Íslandi. Markmiðið er að opna fjölmörg skógræktarsvæði þar sem aðstaða og aðgengi verður til fyrirmyndar. Einnig verður lögð áhersla á upplýsingar þannig að gestir geti fræðst um lífríki, náttúru og sögu viðkomandi svæðis. Með öflugum stuðningi þessara fyrirtækja skapast sóknarfæri fyrir skógræktarfélög og um leið opnast spennandi áningarsvæði fyrir almenning.


Brautryðjendur Opinna skóga:




Skógræktarfélag Íslands, Ránargötu 18, 101 Reykjavík,
sími 551-8150, skog@skog.is, www.skog.is

Tunguskógur

Ísafirði




OPINN SKÓGUR



Tunguskógur í Tungudal

Tungudalur gengur inn af Skutulsfirði. Í skjólgóðum dalnum er mikil veðursæld og ber gróðurinn þess glögg merki. Bærinn Tunga, sem talin er landnámsjörð, stendur í mynni dalsins. Gróðursetning hófst í Tunguskógi árið 1950. Mest var plantað innan Bunár árin 1955-1965 en síðar út með hlíðinni ofan sumarhúsabyggðarinnar. Landið er að hluta til bratt og grýtt og hefur verið erfitt til ræktunar. Trjágróðurinn hefur þó náð góðum þroska í hlíðum dalsins og þar er nú einn vöxtulegasti skógur Vestfjarða. Sitkagreni og hvítsitkagreni hefur vaxið sérstaklega vel, en einnig eru teigar með stafafuru, síberíulerki og rauðgreni í skóginum.

Grisjun skógarins hófst um 1980. Lagðir hafa verið stígar um skógin og er hann nú opinn og aðgengilegur. Tungudalur er fjölsótt útivistarsvæði. Þar eru tjaldstöði, golfvöllur, sumarbústaðalönd og skíðasvæði. Löngum hefur verið vinsælt að fara "inn í Skóg" á sumrin til útivistar, berja- og sveppatíslu. Skógurinn í Tungudal er kjörinn vettvangur til útivistar alla ársins hring. Stutt er í fjölbreytta þjónustu í Ísafjarðarbæ.



Velkomin í skógin

Gönguleiðir

ca 970 m ca 590 m
ca 190 m ca 240 m

- Borð og bekkur
- Bílastæði
- Grill
- Frjásaln

- Upplýsingar
- Gólfvöllur
- Úrsýni
- Tjaldstöði
- Salerni

